

Barnaleikföng:

kynhlutverk og sköpunarkraftur

Steinrún Ótta Stefánsdóttir

Listaháskóli Íslands
Hönnunar- og arkitektúrdeild
Vöruhönnun

Barnaleikföng:

kynhlutverk og sköpunarkraftur

Steinrún Ótta Stefánsdóttir
Leiðbeinandi: Ásta Jóhannsdóttir
Vorönn 2013

Útdráttur

Í þessari ritgerð er hönnun barnaleikfanga skoðuð út frá jafnréttissjónarmiðum og þeim möguleika á þroska og leik sem þau veita börnum. Stiklað er á stóru í sögu leikfangagerðar, frá upphafi og fram til dagsins í dag. Leikföngin frá *Lego* verða þá skoðuð sérstaklega, og spurt hvort kynbundin viðmið hafi fylgt leikfangaframleiðslu fyrirtækisins í upphafi og hvernig staðan er í dag. Leitast er við að svara því hvort hönnun barnaleikfanga geti ýtt undir kynjamisrétti síðar á ævinni og hvort hönnuðir geti þá einnig spornað við slíku misrétti með framsetningu sinni – með ókynbundinni hönnun sem eflir þroska barnanna, hvort sem þau eru stúlkur eða drengir.

Leitast er við að svara ofangreindum spurningum með hjálp mynda og dæma úr leikfangaverslunum, sölubæklingum, fræðitextum og athugun á meginreglum leikskólanna íslensku er kemur að leikfangavali. Hjallastefnan er þá sérstaklega skoðuð og niðurstöður spurningalista sem höfundur sendi út til ólíkra leikskóla kynntar. Undir lokin er það helsta sem kom út úr rannsóknunum höfundar á efninu tekið saman ásamt lokaniðurstöðu.

Svo virðist vera að leikföng hafi, þar til á miðri tuttugustu öld, verið mun ókynbundnari en síðar varð raunin. Fyrir ekki svo löngu voru sömu litir og form notuð fyrir bæði stúlkur og drengi. Með alþjóðlegri fjöldaframleiðslu á leikföngum fóru framleiðslufyrirtækin hins vegar sjálf að búa til meiri eftirspurn og frekari markaðstækifæri með kynskiptari leikföngum. Afleiðingarnar voru þær að stúlkurnar voru smátt og smátt gerðar óvirkari í leik sínum. Drengirnir fengu hins vegar meira krefjandi og hvetjandi leikföng til að skoða og handleika.

Leikskólar virðast að mestu leyti halda kynbundnum leikföngum frá börnum. Þar leitar starfsfólk helst eftir þroskandi og eflandi leikföngum og reyna þannig að vinna samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla sem kveður meðal annars á um að efniviður leikskólanna eigi að vera margbreytilegur, örvandi, aðgengilegur og ýta undir sköpunarkraft og ímyndunarafli barnanna.

Með einhæfri og fyrirframgefinni virkni leikfanga drögum við úr tækifæri barnanna til að nota eigið ímyndunarafli. Niðurstaða rannsóknarinnar er því að svo sannarlega geta leikföng sett fordæmisgefandi viðmið fyrir börnin. Með vandaðri framsetningu auglýsinga og breyttum áherslum er vel hægt að hanna og framleiða leikföng sem ætluð eru báðum kynjum um leið og þau hafa þroskandi áhrif á börnin.

Þar geta hönnuðir svo sannarlega breytt áherslu, og þar af leiðandi staðalímyndum. Á núverandi ástandi tapa stúlkurnar.

Efnisyfirlit.

Inngangur	bls. 5
1. Saga leikfanganna	bls. 7
2. Kyn og kyngervi	bls. 8
3. Leikföng, litir og form	bls. 9
4. <i>Legó</i> , <i>ToysRus</i> , verslanir og auglýsingabæklingar	bls. 12
5. Leikskólar og leikföng	bls. 18
6. Samantekt	bls. 22
Lokaorð	bls. 24
Heimildaskrá	bls. 27
Myndaskrá	bls. 27

Inngangur

Leikföng hafa frá örófi alda verið afþreying barna alls staðar í heiminum. Bæði heimatilbúin leikföng, sem rekja má allt til steinaldar, og svo síðar meir verksmiðjuframleidd leikföng, sem fyrst litu dagsins ljós í byrjun 19. aldar. Á síðustu hundrað árum hafa leikföng breyst hratt og þróast, og aldrei hefur úrvalið verið meira en akkúrat í dag. En hvenær hófst þá eiginlega leikfangahönnun? Og hvað veldur því að nú á dögum eru leikföng gjarnan hönnuð annað hvort með stráka eða stelpur í huga, í stað þess að hannað séu leikföng handa öllum börnum – burtséð frá kyni?

Bryndís Björgvinsdóttir skrifaði áhugaverða grein á dögnum, þar sem ég rakst á athyglisverðar lýsingar á því sem ég hafði þegar verið að velta fyrir mér. Hún skrifar:

Það fylgdi því gjarnan vond tilfinning að vera stelpa og mig langaði svo oft til þess að vera strákur. Það gerði engin ráð fyrir því að ég hefði áhuga á fjarstýrðum hlutum eða tölvuleikjum. En það sem var eiginlega verra er þetta: Ég þurfti alltaf að vera að biðja stráka um að prófa spennandi dót sem var í þeirra eigu. Og ef þeir sáu aumur á mér og sögðu „já“ þá var litið á það sem sönnun á því að tölvur eða stýrisleðar eða fjarstýrðir bílar væru *ekki* fyrir stelpur í hvert skipti sem ég klessti á. Það eina sem hefði getað afsannað það voru þá einhverskonar meðfæddir ofurhæfileikar til að vinna tölvuleiki og stjórna bílum án æfingar. Og það var ekki alveg þannig.¹

Í þessu persónulega en um leið kynbundna samhengi er markmið mitt að kafa aðeins ofan í hönnun barnaleikfanga, með jafnréttissjónarmið í huga og þann þroska sem börn öðlast við leik með leikföng. Til að byrja með mun ég kanna stuttlega sögu leikfangagerðar, allt frá upphafi og hvernig hún hefur þróast fram til dagsins í dag. Sérstaklega tek ég þá stórfyrirtækið *Lego* sem dæmi um þá þróun sem orðið hefur, og spyr þá um leið hvort finna megi kynbundin viðmið í upphafi leikfangahönnunarinnar og hvernig staðan er í dag.

Getur hönnun og birtingarmynd barnaleikfanga ýtt undir staðalímyndir og kynjamisrétti síðar á ævinni? Og ef svo er: Geta hönnuðir þá spornað við framsetningu kynhlutverkanna með ókynbundinni hönnun barnaleikfanga, sem einnig efla þroska barnanna?

¹ Bryndís Björgvinsdóttir, „Um bleiku og bláu bækurnar“, af *Knú.is*, 9. nóv, 2012, sótt 14. nóv. 2012, <http://knuz.is/2012/11/09/um-bleiku-og-blau-baekurnar/>

Til að svara þessum spurningum hef ég að undanfögnu skoðað leikfangaverslanir með gagnrýnum augum, flett auglýsingabæklingum frá sömu verslunum, kynnt mér sögu leikfanga í gegnum aldirnar, lesið mér til í kynjafræðibókum, búið til og sent út spurningalista og lesið meginreglur Hjallastefnunnar og leikskóla ríkisins með ofangreind atriði í huga. Á næstu síðum mun ég því fara í gegnum þetta ferli á skipulagðan hátt og greina frá því helsta sem kom út úr rannsóknum mínum á efninu. Niðurstöður mínar voru þær að sannarlega geta leikföng sett fordæmisgefandi viðmið fyrir börnin. Séu leikföng ætluð stúlkum óvirkari en leikföng drengja, má álíta að það gefi tóninn fyrir komandi framtíð – að bæði stúlkur og drengir líti sem svo á að þær eigi að vera óvirkari í samfélaginu. Að þær geti ekki haft þá þekkingu eða þor sem til þarf, til að sinna þeim karllægu störfum sem samfélagið býður upp á – en að strákar hafi hins vegar hvoru tveggja.

Einnig tel ég að við höfum bæði þekkingu og tæki til að breyta þessari stöðluðu og tilbúnu ímynd sem börnin okkar standa frammi fyrir. Í raun má segja að það sé undarlegt að börnin búi við kynjaðri raunveruleika heldur en við sem eldri erum – og um leið algjörlega ósættanlegt. Með vandaðri framsetningu auglýsinga og breyttum áherslum, er vel hægt að hanna og framleiða leikföng sem ætluð eru báðum kynjum og hafa þroskandi áhrif á börnin. Einnig ber okkur skylda til að sjá til þess að efnið í leikföngunum sé eins vistvænt og hægt er, bæði barnanna vegna og umhverfisins.

1. Saga leikfanganna

Leikföng hafa alla tíð verið stór partur af lífi barna, allt frá því þau samanstóðu helst af einföldum kúlum og steinum, og til flókinna vélmenna okkar daga. Jafnvel án fjöldaframleiddra leikfanga munu börn alltaf gera sér leik úr hlutum, bæði náttúrulegum og tilbúnum. Fljótlega eftir fæðingu, þegar börnin fara að einblína á hluti á hreyfingu, grípa um fingur, hár eða andlit þess sem heldur á því, er það í raun fyrsta tilraun þeirra til leiks. Leikur er nauðsynlegur fyrir þroska barna, bæði andlegan og líkamlegan. Og þar spila leikföng því stórt hlutverk.²

Fyrr á tímum bjuggu bæði börn og fullorðnir til leikföng á einstaklingsmiðuðum grunni, en hönnun og virkni margra leikfanganna hafa í raun breyst tiltölulega lítið, þrátt fyrir ný efni og tæknilegri útfærslur. Brúður voru áður fyrr búnar til úr viði, hálm, vefnaði, leðri, leir, postulíni og vaxi. Fátækari börn notuðu þá það sem hendi var næst til brúðugerðar og oft var gömlum skóm einfaldlega vafið í stranga og barnsandlit teiknað undir hælinn. Löngu fyrir tíma tískudúkkanna *Barbie* og *Sindy* voru svipaðar dúkkur til í Egyptalandi og á Grikklandi. Allar þessar brúður sem lesa má um virðast eingöngu hafa verið ætlaðar stúlkum og fann ég hvergi heimildir um að drengir hafi líka leikið með brúður. Árið 1950 markaði þó þáttaskil, þá kom fram fyrsta dúkkan sem var sérstaklega ætluð strákum og kallaðist hún *G.I. Joe*. Sá var stríðshetja, kafari, fjallgöngumaður og fleira í þeim dúr og var fljótlega fylgt eftir af hinum svokallaða *Action Man*. Á nítjándu öld voru þó tindáttar, sverð og byssur vinsæl leikföng drengja og síðar eimreiðar, lestir og loks bílar þegar leið á tuttugustu öldina. Á nítjándu öldinni var einnig fyrst farið að gera prófanir á sjálfvirkum leikföngum, brúðum og dýrum sem skriðu með aðstoð sérbúins mekkanisma. Heilli öld síðar hannaði Thomas Edison talandi dúkku og í kjölfar iðnbyltingarinnar tekur leikfangaiðnaðurinn stökk.³



Mynd 1. Talandi brúða Thomas Edison.

² Deborah Jaffé, *The History of Toys: From Spinning Tops To Robots*, Sutton Publishing, Sparkford, 2006, bls. 1.

³ Deborah Jaffé, *The History of Toys: From Spinning Tops To Robots*, bls. 2-3.

börnunum sjálfum og foreldrum þeirra, þeim sem kaupa leikföngin. Plast hefur þá leyst af hólmi postulín, ull, við og málm og fer framleiðslan að mestum hluta fram í Kína.⁴ Með tilkomu leikfangakeðja eins og *Disney*, *LEGO*, *Barbie*, *My Little Pony* og fleirri stórfyrirtækja hefur markaðssetning á leikföngum aukist til muna frá því sem áður var, og má nú vart finna það mannsbarn sem ekki kannast við leikföng eða karaktera (Barbie eða Disney-hetjurnar) sem þessi fyrirtæki hafa hannað og sett á markað.

2. Kyn og kyngervi

Í aldaðir hefur samfélagið gengið út frá því að kynin séu einungis tvö og öllum beri að falla undir annað hvort þeirra. Ekki er gert ráð fyrir undantekningum þó þær séu vissulega til staðar. Börnin eru yfirleitt merkt strax eftir fæðingu öðru hvoru kyninu, án frekari umhugsunar, og alast þau síðan upp við að vera annað hvort stúkur eða drengir. Þessu ferli hefur verið lýst í svokölluðum *mótunarhyggjukenningum* sem grundvallast á þeirri hugmynd að það sé samfélagið sem móti kynin með ólíkum hætti og viðhaldi síðan þeirri mótun.

Kyn í þessum skilningi er því ekki eðlislægt heldur mótanlegt og breytanlegt. Því er nauðsynlegt að greina á milli kyns (e. sex) og kyngervis (e. gender) í fræðilegri umræðu. Kyn er því skilgreint sem líffræðilegt kyn en kyngervi sem félagslegt kyn. Félagslegt kyn vísar til þeirra væntinga sem samfélagið hefur til þess hvað einkenni karla og konur. Væntingarnar geta til dæmis tekið til þess hvernig karlar og konur eigi að hegða sér, klæða sig og við hvað þau eigi að vinna.⁵

Í bók Carrie Paechter, prófessor í menntunarfræðum, segir frá því að á sama tíma og börn byrja að greina á milli kynja, skilgreina sig og aðra, þróa þau andlegan skilning á mismun milli karla og kvenna, drengja og stúlkna, sem þau sjá í kringum sig. Á þessum tímamarki í lífi þeirra er máttur og þekking á samskiptum innan fjölskyldunnar sérstaklega mikilvægur, þar sem börnin byggja skilning sinn og túlkun á kynbundnu valdi og -þekkingu út frá fjölskyldulífinu.⁶ Börnin hafa því

⁴ Deborah Jaffé, *The History of Toys: From Spinning Tops To Robots*, bls. 7.

⁵ Ásta Jóhannsdóttir og Kristín Anna Hjálmarsdóttir, „Skaðleg karlmennska? : greining á bókinni *Mannasiðir Gillz*“, í *Netla*, 2011, bls. 3, sótt 13. jan. 2013, <http://hdl.handle.net/1946/13697>

⁶ Carrie Paechter, *Being Boys Being Girls; Learning masculinities and femininities*, Open University Press, Maidenhead, 2007, bls.43.

fyrirmyndirnar strax frá upphafi fyrir augunum og þróa sitt eigið sjálf og kyngervi út frá þeim.

3. Leikföng, litir og form

Það er líklegast flestum ljóst að litir spila nú til dags stórt hlutverk í hönnun barnaleikfanga og er þeim svo sannarlega litaskipt eftir kyni. En af hverju er það gert og hver eru áhrifin? Hvaðan koma viðmiðin? Hefur þessi skipting alltaf verið til staðar eða hún kannski nútílkomin vegna markaðsafla og auglýsinga fyrir mismunandi markaðshópa? Við vitum það nú þegar að litirnir eru mismunandi eftir kyni en eru formin kannski einnig hönnuð með ákveðin kyn í huga?

Eftir töluverðar athuganir á barnaleikföngum í verslunum á Íslandi sé ég að leikföng eru svo sannarlega flokkuð eftir kyni. „Bleika deildin“ og „bláa deildin“ eru vel afmarkaðar og engin hættu er á að fólk villist á milli deilda og endi óvart á að kaupa strákadót handa stelpum eða öfugt. Og um leið er erfitt að finna leikföng sem ætluð eru báðum kynjum. Inni á heimasíðum verslananna eru leikföngin einnig flokkuð, og þá sem „leikföng fyrir stúlur“ og „leikföng fyrir drengi“. Það er helst í ungbarnadeildinni sem finna má kynlaus leikföng, en þó aðeins lítið úrval innan um fjölmargra ljósblárra og ljósbleikra hluta. Í heimsókn í eina stærstu leikfangakeðjuna hér á landi, *ToysRus*, komst ég að eftirfarandi staðreyndum:



Myndir 2 og 3. *ToysRus* verslun á Íslandi. Stúlkudeildin og drengjudeildin.

„Bleika deildin“, ætluð stúlkum, inniheldur einna helst brúður af ýmsum gerðum, vinalaga bangsa og gæludýr með stór biðjandi augu, ásamt vörumerkjum á borð við *Bratz*, *Barbie*, *Polly Pocet*, *Pet Shop* og *My Little Pony*. Leikföngin eiga það sameiginlegt að koma tilbúin úr pakkningunum og krefjast þau engrar rökhugsunar eða útsjónasemi við notkun. Flest leikföngin í „bleiku deildinni“ eru í mildum pastellitum og með ávalar og mjúkar línur. Hér er lítið er um fjarstýrð leikföng. Allt föndurdótið er þó staðsett hér, og er það meira og minna ætlað stúlkum en ekki drengjum. Innihaldið gæti hentað báðum kynjum en umbúðirnar eru vel merktar „Girls“ eða með mynd af stúlkum að föndra. Litapallettan er í stíl við stúlknadeildina. Leturgerðirnar eru rómantískar og innihaldið í svipuðum litum og umbúðirnar, glitrandi og „fallegt“ á að líta.



Myndir 4 og 5. Föndurkassar ætlaðir stúlkum.

Bláa eða í raun svarta deildin – eins og hún blasir við mér – er full af farartækjum, vélmönnum, fjarstýrðum leikföngum, talstöðvum, byssum, sverðum og öðrum leikföngum sem bjóða upp á ærslafullan leik. Allt leikföng sem þurfa á rökhugsun að halda í samsetningu og hafa fleiri en eina virkni. Litavalið er að mestu svart, blátt, gult, grænt og rautt. Og bleikur er ekki sýnilegur. Á umbúðum leikfanganna eru eingöngu drengir að leik, eða þá einhverskonar grafík sem kallar frekar á drengi en stúlkur: Hraði og snerpa, litapallettur sem falla algjörlega inn í drengjadeildina og leturgerðirnar eru grófar og vísa í tækni og þekkingu.



Myndir 6 og 7. Leikföng ætluð drengjum.

Í bókinni *Það er til staður í helvíti fyrir konur sem hjálpa ekki hver annarri* eftir Lisu Marklund og Lottu Snickare rakst ég á lýsingu á heimsókn í leikfangaverslun sem svipar til minnar eigin reynslu:

Í einu horninu [í leikfangadeild stórverslunnar í Stokkhólmi] er hver einasti pappakassi skærbleikur. Þar eru Barbievagnar úr plasti sem varla er hægt að keyra. Þeir eru dregnir af hestum sem ekki geta gengið. Leikurinn hlýtur að ganga út á það að dúkka sitji kyrr í vagni sem ekki hreyfist. Megnið að því sem er í leikfangadeildinni er blátt. Þar keyra um farartæki, oft bæði rafknúin og fjarstýrð. Eina undantekningin er tréjárnbrautarlestin frá Brio sem er græn. Myndir af alls kyns strákum eru á öllum kössunum. Á tréhundinum frá saman framleiðanda er stelpa.⁷

Ljóst er að vald hönnuðarins til að skilgreina veruleika barna – ráða efnisvali, litum, formum og setja þau í kynbundið umhverfi – eru gífurlegt. Guðný Guðbjörnsdóttir, prófessor í uppeldis- og menntunarfræði við Háskóla Íslands, segir í bók sinni *Menntun, forysta og kynferði* að kynbundið náms- og starfsval sé einn anginn af valda- og launamun kynjanna.⁸ Og þá má velta fyrir sér hvar hugmyndir kynjanna um slíkt náms- og starfsval uppheljast, og hvort við séum strax með vali og hönnun á barnaleikföngum farin að gefa í skyn hvaða störf börnunum hentar best í framtíðinni eða hvaða starfsstétt þau eiga að tilheyra. Og einnig, það sem mest um vert er, hvaða kyni þau tilheyra og hvernig kynin eiga að haga sér og líta út? Þar sem leikföng stúlkna eru í miklu meira mæli óvirk en leikföng drengja, má velta því upp hvort þau

⁷ Liza Marklund og Lotta Snickare, *Það er staður í helvíti fyrir konur sem hjálpa ekki hver annarri*, Anna R Ingólfssdóttir þýddi, ARI, Reykjavík, 2006, bls. 18.

⁸ Guðný Guðbjörnsdóttir, *Menntun, forysta og kynferði*, Reykjavík, Háskólaútgáfan, 2007, bls. 206.

endurspegli þá ekki einmitt þá staðalímynd að konur í samfélaginu eiga að vera óvirkari en drengir, stilltari, sætari og þrúðari og sækja frekar í einföld verk, þar sem ekki er krafist mikillar tækniþekkingar eða forystuhæfileika. Þær eiga að minnsta kosti, þegar lítið er til leikfanga þeirra, ekki að setja saman flóknari hluti og helst ekki að höndla hluti sem hafa fleiri en eina virkni.

Á móti hafa leikföng drengja mun meiri virkni og hvetja drengina til að vera öflugir, baráttuglaðir og hugsandi í leik og vinnu. Það taka drengir með sér inn í framtíðina, þar sem þeir verða að frumkvöðlum eða forystumönnum inni á vinnumarkaði á fullorðinsárum. Eins og staðan er í dag, og þá sérstaklega hjá stóru leikfangaframleiðendunum, þá er hvatning og ögrun í formi leikfanga mun meiri fyrir drengi en stúlkur.

4. *Legó, ToysRus, verslanir og auglýsingabæklingar.*

Nú má einnig spyrja hvort að leikföng fyrir börn séu hugsanlega orðin ofhönnuð? Tilgangur margra leikfanga í leikfangabúðum dagsins í dag er fyrirfram gefinn með reglum og bæklingum sem fylgja með pakkningunum. Úr verður að mörg börn hafa ekki þroska eða hugmyndaflug til að nota leikföngin á annan hátt en til er ætlast. Þau halda jafnvel að önnur notkun sé ekki „rétt“ notkun. Sjálf átti ég, fyrir rúmum tuttugu árum síðan, ekkert gríðarlegt magn af dóti – en það litla sem ég átti nýtti ég vel til allskonar leikja. Þá notaði ég einnig allskyns umbúðir og kassa sem ég endurhannaði og endurnýtti, og úr þessu varð til hús og híbýli fyrir dýr, dúkkur og önnur leikföng.

Þegar ég horfi síðan á dætur mínar leika sér finnst mér þær vera heftari í leik sínum. Flest leikfanganna þeirra hafa ákveðinn tilgang, og svo lítið er um óráða hluti að þær kunna ekki að nota ímyndunaraflið á sama hátt og ég gerði sem barn. Á umbúðum leikfanganna er jafnvel gert ráð fyrir því að börnin safni allri leikfangalínunni eins og hún leggur sig, en blandi ekki saman leikföngum af mismunandi gerðum og frá öðrum merkjum. Þá má einnig minnst á *Legó* í þessu samhengi. Legóið mitt samanstóð af kynlausum mannverum og kubbum í allskonar litum sem hægt var að raða saman að vild aftur og aftur. Legó dætra minna er hins vegar aðeins hægt að setja saman einu sinni og engu hægt að breyta eða pússla saman á annan hátt en ætlast er til samkvæmt leiðbeiningunum. Hver kubbur hefur sinn tilgang í smíðinni og er eftir að henni er lokið óhagganlegur. Þeirra mannverur eru

eingöngu stúlkur með sítt hár og brjóst sem hafast við á snyrtistofum eða syngja í hljóðnema.

Því finnst mér rökrétt að spyrja hvort of-stýrð hönnun barnaleikfanga geti haldið aftur af þroska og sköpunargleði barnanna? Tölvuleikir, bíómyndir, *Barbie*, *Bratz*, *Spiderman*, *Action Man*, *Disney* og fleiri merki spila orðið stóran þátt í lífi dætra minna. Hvað varð um þroskaleikföngin? *Original Lego*, kaplakubba, kúluspil og önnur ókynbundin leikföng sem reyndu á ímyndunarafl og þrautseigju voru algeng fyrir um tuttugu og þrjátíu árum síðan, og jafnvel fyrr?

Í dag eru meira að segja Pony-hestar orðnir kynþokkafullir (mynd nr. 8) og Lego kvenfigúrunar komnar með brjóst, mjaðmir, sítt hár og vinnu á snyrtistofum. Á meðan eru karlfigúrunar hraustir lögreglumenn, slökkviliðsmenn og flinkir ökuþórar sem eru tilbúnir í harkið og vélarnar (mynd nr. 9).



Mynd 8. Þróun pónýhestsins.



Mynd 10. Lego Friends, nýjasta afurð *Lego* fyrir stúlkur.

Mynd 9. Slökkviliðsmaður frá *Lego*.

Svo ég vitni aftur í bókina þeirra Lizu og Lottu, og gefi þeim orðið:

Augljóst dæmi um þetta er LEGO. Í fyrstu voru bara til kubbar í ýmsum litum handa börnum sem hægt er að byggja úr og taka í sundur á óendanlega marga vegu. Strákar og stelpur byggðu hús og hallir og fyrirbæri á tunglinu án sérstaks kynjamunar. En svo datt fyrirtækinu í hug að það mætti snúa vörunni beint til stelpna og þá var dúkkuhúsið *Scala* búið til og hesthúsið *Belville*. Dúkkuhúsið

býður ekki upp á neina byggingar- eða samsetningarmöguleika. Flóknast er að tylla efri hæðinni ofan á neðri hæðina.⁹

Tilvitnunin lýsir vel hversu óvirk leikföng stúlkna eru orðin nú til dags. Þeim eru ekki ætlaðir flóknari hlutir en augljósar samsetningar, sem ekki er svo hægt að breyta eftir fyrstu samsetningu.

Endursköpun kynhlutverkanna virðist vera vinsæl þessi misserin og hefur *Legó* verið gagnrýnt fyrir þessa þróun. Fyrirtækið felur sig á bak við sögur um eftirspurn frá neytendum.



Mynd 11. Star Wars legó úr drengjahillunum.

Strákalegóið var þróað í öfuga átt og samstæðurnar byggja á hafrannsóknum, geimrannsóknum, fljúgandi furðuhlutum og sjóræningjum. Búningar strákanna sýna duglegt, kraftmikið og voldugt fólk svo sem indjánahöfðingja, brynjuklædda kappá eða lækna. Búningar stúlkanna eru fyrir þjattrófur, konur sem vinna undir annarra stjórn eða eru í þjónustuhlutverki svo sem prinsessur, brúðir, ballerínur eða hjúkrunarkonur.¹⁰

Strax við val og hönnun á leikföngum erum við farin að búa til samfélagslega virka stráka með hlutverk sem skipta máli en drögum að sama skapi úr krafti stúlkanna til stærri verka. Og þá má einig spyrja: Af hverju eru minnihlutahópar ekki sýnilegir í hönnun *Legó*, til að mynda fatlaðir, samkynhneigðir, þungaðar konur, fólk í yfirþyngd og svo lengi mætti telja? Kallar markaðurinn virkilega á þetta eða búa fyrirtækin sjálf til eftirspurnina með aðlaðandi auglýsingum fyrir mismunandi markhópa – í von um meiri sölu?



Mynd 12. Tæknilegú úr drengjahillunum.


Við nánari skoðun á tæknilegú eða „Technic Legó“ eins og það kallast, sést að það er nær eingöngu ætlað drengjum. Í þessum skemmtilegu kubbum, sem ég hef enn þann dag í dag lúmskt gaman af, eru eingöngu farartæki í boði: Þyrlur, vörubílar, gröfur, fjórhjól og önnur farartæki sem bæði hvað varðar virkni og svo hönnun umbúða og staðsetningar þeirra í leikfangabúðinni, eiga

⁹ Liza Marklund og Lotta Snickare, *Það er staður í helvíti fyrir konur sem hjálpa ekki hver annarri*, bls. 18.

¹⁰ Liza Marklund og Lotta Snickare, *Það er staður í helvíti fyrir konur sem hjálpa ekki hver annarri*, bls. 18.


að höfða frekar til drengja en stúlkna. Litavalið á umbúðunum myndi aldrei falla inn í litapallettu stelpnahillanna í leikfangabúðunum. Því getum við nær gengið að því vísu að eingöngu drengir fái tæknilegó að gjöf.

Þegar ég var yngri átti bróðir minn, sem var fimm árum eldri, flotta gröfu úr tæknilegói sem hægt var að breyta í tvö önnur farartæki. Ég mátti auðvitað ekki snerta hana fyrst um sinn, en þegar ég eltist stalst ég til að taka hana í sundur og breyta í hin farartækin. Mikið fannst mér gaman að ströggla við þetta, telja út götin og setja allt á rétta staði til að virknin yrði rétt. Ég man líka eftir umbúðunum þar sem bróðir minn og foreldrar




Mynd 13. Gamalt tæknilegó.

voru mjög passasamir með leikföngin okkar og geymdu gjarnan umbúðirnar. Þær kölluðu vissulega meira á drengi miðað við fyrirframgefnar litapallettur kynjanna og auk þess fylgdu eingöngnu karlkyns fígúrum með. Samt var ekki þessi mikli munur og sést í dag. Fígúrunar voru hlutlausari þá. Og eins var ekki þessi sami hraði í myndunum eða einfaldari útgáfur fyrir stúlkur, sem tengja betur við lærða hegðun stúlkna, þar sem þeim er ekki ætlað að skipta sér af jafn flóknum leikföngum og drengir. En af hverju ætli tæknilegó nái ekki yfir breiðara áhugasvið barna af báðum kynjum? Ætla mætti að stúlkur séu ekki verðandi verkfræðingar eða arkitektar og ættu því að halda sig við legósnyrtistofur og hestamennsku. Þetta finnst mér mjög undarlegt þar sem þetta fer ekki saman við raunveruleika okkar fullorðna fólksins sem þekkjum verkfræðinga og arkitekta af báðum kynjum. Eins má ætla að drengir muni aldrei halda heimili, elda mat eða ala upp börn – sem er einnig í hrópandi ósamræmi við þá þróun sem hefur átt sér stað að undanfögnu.



Mynd 14.

Myndi kannski önnur litanotkun á sömu vörunni breyta hugsunarhætti stúlkanna? Eða snýst munurinn bara um markaðssetningu þar sem stúlkum er kennt að hafa engan áhuga á flóknum farartækjum, hver svo sem liturinn er?



Mynd 15. Til vinstri er varan eins og hún er markaðssett hjá *Legó*. Til hægri er höfundur búinn, með aðstoð *Photoshop*, að breyta litum og bakgrunni vörunnar í þann stíl sem *Legó* markaðssetur fyrir stúlkur nú til dags.

„Þegar kemur að venjulegum leikföngum verður munurinn enn greinilegri. Miklu færri leikföng eru beinlínis ætluð stúlkum,“ skrifa þær Marklund og Snickare. „Þau sem þó eru til eru einfaldari og miklu lélegri. Leikföngin hvetja til óvirks leiks í miklu meira mæli en leikföng drengjanna.“¹¹

Bryndís Björgvinsdóttir kemst aftur skemmtilega að orði í pistli sínum, sem ég vísaði til í upphafi:

Foreldrar mínir fengu að heyra það aftur og aftur að mig langaði í fjarstýrðan bíl og þau lögðu saman tvo og tvo og fengu út fimm og enduðu á því á að gefa mér bleikt barbímótorhjól með fjarstýringu sem tengdist samt hjólinu með stuttri snúru. Og það var ekki hægt að láta hjólið beygja. Bara hægt að keyra það beint áfram með einum takka og á næsta vegg.¹²

¹¹ Liza Marklund og Lotta Snickare, *Það er staður í helvíti fyrir konur sem hjálpa ekki hver annarri*, bls. 17.

¹² Bryndís Björgvinsdóttir, „Um bleiku og bláu bækurmar“, <http://knuz.is/2012/11/09/um-bleiku-og-blau-baekurnar/>.

Sömu sögu hef ég að segja frá minni eigin barnæsku þegar bróðir minn átti fjarstýrðan bíl sem ég mátti ekki prófa. Mikið öfundaði ég hann þegar hann lét bílinn leika listir sínar í moldarbörðunum við húsið og þeir vinirnir fóru í torfærukeppni með bílana sína. Ekki það að ég væri óánægð með pónýhestana mína og dúkkurnar, mig langaði bara líka í svona græjur. Prófa að yta á takka og láta með því hlutina hreyfast. Eins hugsa ég oft til þeirra drengja sem þrá að leika sér með dót sem samfélagið er búið að stimpla sem stelpudót og þar að leiðandi meina þeim aðgangi að. Það þarf nefnilega sterkan einstakling til að brjóta þá ósýnilegu ramma sem við fullorðna fólk erum búið að setja börnum okkar strax við fæðingu, á grundvelli kyns þeirra.

Í auglýsingabæklingaflóði síð-nútímans má finna mikið magn af leikfangabæklingum og þá sérstaklega fyrir jólin. Þar gefur að líta vel skipta bæklinga þar sem stelpudóti og strákadóti er haldið aðskildu. Þó framleiðendur passi sig orðið á því að taka ekki fram hvoru kyni leikfangið sé ætlað, þá fer það ekki á milli mála með myndlettri, formum og litanotkun, sem auðvelt er að læra að lesa úr. Börnin eru orðin svo þjálfuð í að vita hvað þeim á að finnast flott og eftirsóknarvert að þau líta vart við leikföngum sem ætluð eru hinu kyninu. Þó eru til einstaka fyrirtæki eða verslanir þar sem reynt er að koma til móts við gagnrýna á kynjaskiptinguna og þá má sjá einn dreng leika sér með dúkku í bleiku umhverfi og gott ef ein stúlka fær ekki að vera með í eðlisfræðitilraunasettinu.



Myndir 16 og 17. Ljósmyndir úr bæklingi *ToysRus* fyrir jólin 2012.

Í upphafi var markmið *Legó* að framleiða eins leikföng fyrir börn af báðum kynjum. Stofnandi *Legó*, Ole Kirk Christiansen, hóf framleiðslu á tréleikföngum fyrir börn árið

1932 eftir bruna á tréverkstæðinu hans og niðursveiflu í efnahagslífinu. Hann notaði afgangsbúta til að smíða lítil leikföng.

Eftir seinni heimsstyrjöldina varð plast aftur fánlegt í Danmörku og keyptu Ole og sonur hans Gottfred, saman vél sem gat steipt plasti í mót. Eftir töluverða þróun og prufur dattu þeir ofan á hið vel þekkta form legokubbsins. Nú buðu kubbarinn upp á að byggt væri úr þeim það sem börnunum datt í hug, hús, bílar, fólk, tré, dýr og



Mynd 18. Gömul legóauglýsing.

hvað eina sem hugurinn girntist. Gottfred taldi þó að börn þyrftu að fá einhverskonar kerfi utan um leikföngin. Hingað til höfðu leikföngin verið afhent börnunum fullbúin til notkunar, en hann vildi auka hugmyndasköpun og rökhugsun barnanna. Með aukinni getu í fjöldaframleiðslu og tækni til að framleiða sérhæfðari hluti breyttist notkunin og þróunin á *Lego* til muna. Stúlkur og drengir

byggðu bæi, lestir og borgir úr kubbum og fylgihlutum. Þegar önnur tækni var svo þróuð, til að kubbarinn héldust betur saman, urðu byggingarmöguleikarnir enn betri og hægt var að byggja næstum hvað sem er, aftur og aftur. Hugmyndaflugið var eina takmörkunin.¹³ „A world without limits“ voru einkunnarorð fyrirtækisins í þá daga, en með breyttum áherslum eiga einkunnarorðin vart við lengur. Ef stúlkna-leikföngin eru höfð í huga þá má svo sannarlega finna takmarkanir á leikföngunum, en það má einnig segja um heildarhugmyndina hjá *Lego* í dag. Leikföngin bjóða aðeins upp á fyrirframgefnar samsetningar, með leiðbeiningum, og er ögrunin því lítil.

5. Leikskólar og leikföng

„Það er umfram allt hvorki neitt yfirnáttúrulegt né eðlilegt við misréttið í þjóðfélagi okkar. Það er heldur ekkert af guðum gefið. Það er til orðið vegna hefða, fordóma og pólitískra ákvarðana.“¹⁴

¹³ Kim Pagel, *The LEGO story*, 2012, sótt 11. des. 2012, http://www.youtube.com/watch?v=NdDU_BBJW9Y

¹⁴ Liza Marklund og Lotta Snickare, *Það er staður í helvíti fyrir konur sem hjálpa ekki hver annarri*, bls. 7.

En hvernig taka leikskólarnir á þessum málum hjá sér – hvernig leikföng bjóða þeir börnunum? Nú fylgir Hjallastefnan hugmyndum um kynjaskiptan skóla með nær engum tilbúnum leikföngum. Þar eiga börnin að nota náttúruna til að skapa leiksvæði og afþreyingu ásamt afar einföldum þroskaleikföngum eins og kaplakubbum, leir, litum og *Numicon* stærðfræðikubbum. Fjórða meginregla Hjallastefnunnar hljóðar svo:

Efniviður: Hjallastefnunni er ætlað að bjóða upp á leikefnivið og einföld námsgögn þar sem sköpun og ímyndun er í fyrirrúmi í fjölbreyttri reynslu hvers barns. Þannig skapar sjálfbjarga fólk eigið nám og leikheim með eigin lausnum og raunveruleikatengd verkefni eru í fyrirrúmi.¹⁵

En hvað getum við gert með hönnun að vopni til að viðhalda skapandi hugsun barna sem lengst? Þarf nýsköpun eða hönnun að koma strax inn í námsskrána í leikskóla, og jafnvel einnig kynjafræði, eða er hægt að hanna umhverfi og leikföng sem með notkuninni einni hvetja börnin og eyða kynbundnum hlutverkum um leið? Í rannsókninni sem ég vann fyrir þessa ritgerð sendi ég út fjórar spurningar á nokkra leikskóla, bæði einkareknu leikskóla Hjallastefnunnar og svo aðra ríkisrekna leikskóla. Spurningarnar voru þessar:

1. Hvernig barnaleikföng eru til staðar á leikskólanum? Útileikföng/Innileikföng?
2. Finnst þér munur á leikföngunum sem stúlkur og drengir velja að leika sér með? Ef já, hvaða munur er frá hvaða aldri finnst ykkur þið sjá muninn?
3. Finnst þér að leikur barnanna miðist eða takmarkist að einhverju leyti við leikföngin?
4. Sem leikskólakennarar/stjórnendur, finnst ykkur nauðsynlegt að leikföng á leikskólum séu “ritskoðuð” með jafnréttissjónarmið og/eða þroska barnanna í huga?

Af svörum kennaranna að dæma var minni munur á einstaka leikskólum en ég átti von á. Allir leikskólarnir virðast vera duglegir við að notast við leikföng sem efla þroska barnanna og bjóða ekki upp á kynskiptan leik. Samt sem áður beitir Hjallastefnan sér af meiri festu, samkvæmt stefnu sinni, að bjóða báðum kynjunum upp á nákvæmlega sömu leikefni, því tilbúin leikföng eru í raun ekki notuð í þeirra starfi heldur efniviður

¹⁵ „Meginreglur“, *Hjallastefnan*, Heimasiða Hjallastefnunnar, sótt 5. jan. 2013, <http://www.hjalli.is/>

sem börnin fá að stjórna sjálf til hvers er notaður. Samkvæmt svörum leggur Hjallastefnan mest af leikskólunum sem ég kannaði upp úr því að hugmyndaauðgi barnanna fái notið sín og að það efni sem þau leika sér með hafi ekki fyrirframgefinn tilgang. Sköpunin er allsráðandi og börnin eru mjög virk í leik.

Aðrir leikskólar sem svöruðu vildu ekki meina að mikill munur væri á vali barnanna milli leikfanga eftir kyni. Þó fannst þeim drengirnir frekar sækja í gröfur í sandkassanum og stúlkurnar meira í skóflur og fötur. Stúlkurnar róluðu meira en drengirnir, en bæði kyn nýttu sér hlaupahjól og hjól í útiveru. *Hollow blocks*, óræðir trékubbar til að byggja úr, voru vinsælir hjá báðum kynjum og eins búningakistur með kjólum, skóm og gömlum fötum. Drengir sækja þá síður í „mömmó“ en stúlkur, en þeir eru þó öflugir í hlutverkaleikjunum til móts við stúlkurnar. Í *Aðalnámskrá leikskóla* (kafla 8 um námsumhverfi) má finna eftirfarandi klausu um efnivið til leikja:

Efniviður leikskóla á að vera margbreytilegur og höfða til ólíkra barna á ólíkum aldri. Mikilvægt er að endurmeta og þróa leikefni reglulega. Leikefni þarf að vera hvetjandi og höfða til mismunandi skynjunar og örva börnin til rannsókna og kannana. Mikilvægt er að börn geti notað leikefni á fjölbreyttan hátt og byggt á reynslu sinni. Leikefni þarf að vera aðgengilegt börnum. Rými og efniviður þarf að vekja forvitni barna og ýta undir ímyndunarafli þeirra, sköpunarkraft og tjáningu þannig að hugmyndir þeirra njóti sín.¹⁶

Dætur mínar hafa báðar verið í Hjallastefnuskóla. Önnur fór á Laufásborg fimm ára gömul eftir að hafa verið á Tjarnaskógi á Egilsstöðum. Í framhaldi af Laufásborg fór hún í Barnaskólann í Reykjavík sem einnig er rekinn af Hjallastefnunni. Sú yngri byrjaði strax innan við tveggja ára aldur á Laufásborg. Þó svo að hér verði ég að taka tillit til þeirra ólíku einstaklinga sem þær eru, þá er yngri dóttirin flinkari í að bjarga sér í leik. Hún er óheftari og kippir sér ekki upp við hvort bílar, fígúrir, trjágreinar, dollur eða dúkkur séu notaðar við leik. Það styrkir mig í þeirri hugsun, að því minna sem leikföngin eru kynbundin og notkun þeirra fyrirframgefin, þeim mun meiri ögrun felst í því að leika með þau fyrir börnin. En ef leikskólar sækjast almennt ekki eftir leikföngum sem ýta undir ákveðin kynhlutverk, eins og rannsókn mín leiddi í ljós, hvaðan er þá eftirspurnin komin?

¹⁶ „Aðalnámskrá leikskóla“, *Mennta- og menningarmálaráðuneytisins*, Heiðmasíða Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011, sótt 5. jan. 2013, bls 27, <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing-efni/namskrar/nr/3952>

Nú er kannski ráð að líta í eigin barm. Hef ég sem móðir tveggja stúlkna misst tökin strax þó ég hafi alltaf verið frekar meðvituð um val á leikföngum? Er samfélagið það smitað og samdauna af hugmyndum um fyrirfram ákveðin kynhlutverk, að meira að segja upplýstir foreldrar fá ekki við ráðið? Sem hönnuður og foreldri, finnst mér skylda mín að finna leið til að breyta þessum viðhorfum með því að taka meðvitaðar ákvarðanir um mína hönnun og hanna þá fyrir bæði kynin, þegar það kemur að barnaleikföngum.

„Við tveggja ára aldur hefur þeim [börnunum] skilist að kynin eru tvö og það þau tilheyra öðru hvoru. Þau átta sig á því um leið og þau fara að skilgreina heiminn með hjálp orða og hugtaka,“ skrifað þær Marklund og Snickare. „Öll börn leita af áhuga að því sem hentar kyni þeirra. Það á við um leikföng, föt, hvernig þau tala eða leika sér. Við þriggja ára aldur hefur kynhlutverkið fest sig í sessi. Þá hefur barnið áttað sig á því hvað það er sem gildir og forðast það sem tilheyrir hinu kyninu.“¹⁷ Af þessum skrifum að dæma þurfum við að breyta hönnun barnaleikfanga til að hafa áhrif á jafnrétti kynjanna. En mega leikföngin þá kannski vera áfram eins og þau eru, en við sem uppalendur að samþykkja það þá frekar að bæði kynin leiki sér með það dót sem heillar hvert og eitt barn? Drengir með brúður og stúlkur með verkfæri og bíla? Geta drengir ekki elskað bleikt og stúlkur blátt? Þessu svara Marklund og Snickare á þessa leið:

Það sem kom í ljós í Baby X-rannsóknunum og öllum öðrum tilraunum var sem sé ekki hvaða munur var á stúlkum og drengjum heldur hvaða mun fullorðnir *þjuggust við að finna* á þeim og hvaða skoðun fullorðna fólkið hafði á því hvernig stúlkur og drengir hegðuðu sér eftir kyni.¹⁸

Kynbundin hegðun virðist að mestu leyti vera lærd og því virðast mér leikfangaframleiðendur búa sjálfir til þessa undarlegu eftirspurn eftir litaskiptum og kynbundnum leikföngum – líklegast í von um meiri sölu. Með því að skipta kynjunum niður á þennan hátt má selja meira magn af leikföngum. Börnin leita síðan í hefðirnar og læra það sem fyrir þeim er haft. Við foreldrar erum einnig mötuð á mótuðum hugmyndum verslananna og búumst við að börnin hegði sér ólíkt eftir kyni. Því kaupum við dót handa stúlkum í „bleiku deildinni“ og dót handa drengjum í „bláu deildinni“ án þess að staldra við og hugsa hvaða afleiðingar það getur haft á barnið.

¹⁷ Liza Marklund og Lotta Snickare, *Það er staður í helvíti fyrir konur sem hjálpa ekki hver annarri*, bls. 14.

¹⁸ Liza Marklund og Lotta Snickare, *Það er staður í helvíti fyrir konur sem hjálpa ekki hver annarri*, bls. 18.

Samantekt

Svo virðist vera að leikföng hafi, þar til á miðri tuttugustu öldinni, verið mun ókynbundnari en síðar varð raunin. Litir og form voru þau sömu fyrir stúlkur og drengi. Með alþjóðlegri fjöldaframleiðslu á leikföngum fóru framleiðslufyrirtækin sjálf að búa til eftirspurn með kynskiptari leikföngum. Stúlkurnar voru settar í hlutverk móður sinnar á heimilinu við þrif, eldamennsku og barnaumönnun. Drengirnir fengu hins vegar meira ögrandi verkefni líkt og feður þeirra á vinnumarkaðinum. Stúlkurnar voru smátt og smátt gerðar óvirkari í leik sínum og best var ef þær gátu verið í sínum herberjum í hjóðum og þrúðum leik – þær léku sér „fallega“. Drengirnir máttu hins vegar hlaupa um með sína bíla og byssur án þess að það þætti eitthvað athugunarvert. Það að byrja á að líma merkimiða á nýfædd börn segja Marklund og Snickare ekki bara vera þröngsýni og heimsku, heldur brjálsemi. Uppeldi okkar setur mark sitt á það sem við gerum síðar meir og getur takmarkað okkur og hindrað möguleika okkar. „Allt hefur þetta áhrif á það sem á eftir kemur, svo sem fullorðinsárin með öllu sem þeim tilheyrir, svo sem vinnu, tengsl, vináttu og það að vera foreldri.“¹⁹

Því miður hefur *Lego* hlaupið undan upphaflega markmiði sínu með því að þróa leikfangalínur sínar í annars vegar stelpulegó og hins vegar strákalegó. Afsökun þeirra er sú að markaðurinn kalli eftir þessu, en með kynbundnari leikföngum selja þeir meira af legókubbum til stúlkna en áður. Þarna ráða gróðasjónarmið líklega meiru um en þau uppeldisfræðilegu og félagslegu. Að auki leyfi ég mér að segja að *Lego* hafi takmarkað hugmyndaauðgi barnanna með því að framleiða sett af kubbum, þar sem hver og einn hefur fyrirfram ákveðinn tilgang og á einungis heima á einum stað. Barnið fær ákveðið marga kubba til að byggja úr og hlutirnir þurfa að vera svo akkúrat að svigrúmið til að leika frjállega með kubbanu er lítið sem ekkert. Örvunin er því aðeins tímabundin um leið og hún er takmörkuð, rétt á meðan verið er að setja hlutinn saman í fyrsta sinn.

Leikskólarnir virðast að mestu leyti halda kynbundnum leikföngum frá börnum og hafa innan sinna umráða þroskandi og eflandi leikföng og efnivið. Þannig reyna

¹⁹ Liza Marklund og Lotta Snickare, *Það er staður í helvíti fyrir konur sem hjálpa ekki hver annarri*, bls. 42-43.

þeir að vinna samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla. Eftirspurnin eftir kynbundnum leikföngum kemur því annars staðar frá en frá slíkum stofnunum.

Foreldrar þurfa að vera miklu meðvitaðri en áður um leikfangaval inni á heimilum vilji þeir fá einhverju breytt. Að mörgu leyti tel ég að við foreldrar séum orðnir samdauna því ástandi sem finnst í heimi leikfangahönnunar og auglýsinga. Fæstum finnst ástandið vera athugunarvert og taka því fullan þátt í því, þó ómeðvitað sé, og viðhalda því þeirri skiptingu sem leikfangakeðjurnar bjóða nú upp á.

Lokaorð

Getur hönnun og birtingarmynd barnaleikfanga ýtt undir kynjamisrétti síðar á ævinni? Geta hönnuðir spornað við framsetningu kynhlutverkanna með ókynbundinni hönnun sem eflir þroska barnanna?

Svar mitt við fyrri spurningunni, eftir mína rannsókn, er einfaldlega „já“. Svo sannarlega geta leikföng sett fordæmisgefandi viðmið fyrir börnin. Séu leikföng ætluð stúlkum óvirkari en leikföng drengja, má álíta að það gefi tóninn fyrir komandi framtíð – að bæði stúlkur og drengir líti sem svo á að þær eigi að vera óvirkari í samfélaginu. Stúlkurnar hljóta að móta sín áhugamál og seinna meir val á starfsstétt í takt við leikföngin sem þær heilluðust af – og var um leið haldið að þeim – og leggja þannig síður í að breyta gildandi viðhorfum. Snyrtidót, fallett föndurdót, brúður, kynþokkafullar barbídúkkur og pónýhestar eru, að mínu mati, minna ögrandi, hvetjandi og skapandi leikföng en eðlisfræðisett, legógeimskip, talstöðvar, fjarstýrðir bílar, tæknilego og risaeðlur.

Sem verðandi hönnuður verð ég líka að svara seinni spurningunni játandi. Við höfum bæði þekkingu og tæki til að breyta þessari stöðluðu og tilbúnu ímynd sem börnin okkar standa frammi fyrir. Í raun má segja að það sé undarlegt að þau búi við kynjaðri raunveruleika heldur en við sem eldri erum – og um leið algjörlega ósættanlegt. Með vandaðri framsetningu auglýsinga og breyttum áherslum, er vel hægt að hanna og framleiða leikföng sem ætluð eru báðum kynjum og hafa þroskandi áhrif á börnin. Einnig ber okkur skylda til að sjá til þess að efnið í leikföngunum sé eins vistvænt og hægt er, bæði barnanna vegna og umhverfisins.

Form leikfanganna virðast skiptast þannig að stráka leikföng eru flóknari og hafa hvassari línur, en eru þó jafnframt oft straumlínulaga sem gefur tilefni til hraða og spennu. Stúlkna leikföngin eru með ávalar línur, jaðrar á köflum við kynþokkafull form, stór augu, saklausari form sem ekki er ætlað að fara hratt yfir. Litapalletturnar eru sem áður sagði, algjörlega skiptar og lítil hætta er á að stúlkur leiti í drengjadeildina og öfugt – og það á einnig við um fullorðið fólk sem leitar að gjöfum fyrir börn. Fyrirfram lærðar staðalímyndir koma í veg fyrir að börnin leiti út fyrir rammann sem þeim er settur í upphafi. Með talsverðri einföldun en alls ekki án rökstuddra sannanna, má setja þetta fram á eftirfarandi máta: Stúlkur læra að þeim beri að elska bleikt, einfalt, mjúkt og gott. Drengjum ber að elska hraða, spennu, hvöss form og leikföng sem ögra.

Með einhæftri og fyrirframgefinni virkni höfum við dregið úr tækifærum barna okkar til að nota ímyndunaraflíð almennt. Vissulega hafa flest börn þann eiginleika að geta breytt notkun hlutanna þrátt fyrir það, en með of fyrirframgefnum og hönnuðum leikföngum hljótum við að takmarka þann eiginleika þeirra. Ekki síst þegar leikföngin eru merkt drengjum og stúlkum – þá njörvum við enn frekar niður möguleika kynjanna á að víkka út hugmyndaflugið og prufa sem mest.

Femínismi og jafnréttisbarátta eru stundum gagnrýnd á þeirri forsendu að markmiðið sé að gera alla eins. Ég tel að þetta sé misskilningur á jafnréttisbaráttu og raunar alger fjarstæða: markmiðið sé einfaldlega að drengir og stúlkur geti valið sér nám og störf með sem fjölbreyttustum hætti án þess að því fylgi fordómar eða fyrir fram valdleysi annars hvors kynsins. Skaðlegar hugmyndir um karlmennskuna geta t.d. haft heilmikil áhrif á það að drengir velja sér síður kvenlæg stöf sem þeir myndu njóta; þess vegna er mikilvægt drengjanna vegna að berjast gegn launamun.²⁰

Nú hef ég ekkert skoðað eða velt fyrir mér af hvoru kyninu hönnuðir leikfanganna sem ég skoðaði eru, eða hvort það skipti máli í stærra samhengi. Hugsanlega er það efni í aðra rannsókn. Vissulega er vel hægt að finna líka vönduð og úthugsuð leikföng í búðum í dag, leikföng sem efla þroska barnanna og hafa engin merki þess að vera kynbundin. En í krafti fjöldaframleiðslu og auglýsingaherferða stærri fyrirtækja ná þau leikföng ekki með tærnar þar sem hin hafa hælana í sölutölum. Hugsanlega er það hlutverk okkar hönnuða að efla þann markað og fá börn og ekki síður fullorðna til að trúa á leikföng sem henta einstaklingum af báðum kynjum og gera hann opnari og meira aðlaðandi fyrir kaupendur. Það að börnin geti alist upp við það að sjálfsagt þykir að þau geti valið sér hvaða starfsstétt sem er, burt séð frá kyni, hlýtur að vera draumur flestra foreldra. Einnig þegar horft er á stærri myndina, og hugsað til hverskonar lífsviðhorfa við viljum bjóða þeim.

Ég er að mörgu leyti sammála stefnu Hjallastefnunnar sem hvetur börn til að virkja ímyndunaraflíð og skapandi hugsun með efnivið þar sem börnin verða sjálf að hugsa eins og frumkvöðlar til að nýta efnið.²¹ Ekkert er fyrirframgefið og litlir uppfinningamenn og frumkvöðlar spranga um leikskólalóðirnar með greinar í formi sverða, töfrasprotu, myndavéla eða það sem þeim dettur í hug það sinnið.

²⁰ Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, *Karlmennska og jafnréttisuppeldi*, Háskólaútgáfan, Reykjavík, 2004, bls. 66-67.

²¹ „Meginreglur“, *Hjallastefnan*, <http://www.hjalli.is/>

Þetta málefni virðist vera mikið í umræðunni þessa dagana, eins og frétt sem sjá mátti á vefmiðli *Morgunblaðsins* þann 24. desember 2012 bar merki um. Þar er talað um frönsk fyrirtæki sem brutust út úr stöðluðum kynjahlutverkum fyrir jólin. Í bæklingum þeirra mátti sjá drengi leika með brúður og stúlkur með fjarstýrða bíla. Þó vill Haude Constantin-Bienaime, stofnandi fyrsta barnaheimilis í París sem tók upp jafnréttisstefnu, meina að þrátt fyrir þetta jákvæða skref hjá fyrirtækjunum sé það bara á yfirborðinu, stúlkur tapi enn á núverandi ástandi.²² Hönnuðir hafa þá tækifæri á að kafa undir yfirborðið og búa hlutina til frá grunni, og því vil ég vona og spyrja að lokum, hvort ekki sé komin tími til að byrja jafnréttisbaráttu kynjanna strax í æsku hverrar manneskju, með vandaðri hönnun og framsetningu barnaleikfanga?



Mynd 19. Átta ára dóttir mín að byggja úr gömlu legókubbum mínum jólin 2012.

²² „Leikföng fyrir börn, ekki stelpur og stráka“, *mbl.is*, 24. desember 2012, sótt 4. jan. 2013, http://www.mbl.is/frettir/erlent/2012/12/24/leikfong_fyrir_born_ekki_straka_eda_stelpur/

Hemildaskrá:

Prentaðar heimildir

- Guðný Guðbjörnsdóttir, *Menntun, forysta og kynferði*, Háskólaútgáfan, Reykjavík, 2007
- Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, *Karlmennska og jafnréttisuppeldi*, Háskólaútgáfan, Reykjavík, 2004.
- „It doesn't get bigger than this!“, *ToysRus* leikfangabæklingur, nóvember 2012.
- Jaffé, Deborah, *The History of Toys: From Spinning Tops To Robots*, Sutton Publishing, Sparkford, 2006.
- Klanten, Robert og Sven Ehmann, *Play All Day: Design for Children*, Gestalten, Berlin, 2009.
- Marklund, Liza og Lotta Snickare, *Pað er staður í helvíti fyrir konur sem hjálpa ekki hver annarri*, Anna R. Ingólfsdóttir þýddi, ARI, Reykjavík, 2006.
- Paechter, Carrie, *Being boys being girls; learning masculinities and femininities*, Open University Press, Maidenhead, 2007.
- Richardson, Phyllis, *Designed for Kids: A complet sourcebook of stylish products for the modern family*, Thames & Hudson, London, 2008.

Vefmiðlar

- „Aðalnámskrá leiksóla“, *Mennta- og menningarmálaráðuneytisins*, Heiðmasíða Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011, sótt 5. jan. 2013, bls 27, <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing-efni/namskrar/nr/3952>
- Ásta Jóhannsdóttir og Kristín Anna Hjálmarsdóttir, „Skaðleg karlmennska? : greining á bókinni *Mannasiðir Gillz*“, í *Netla*, 2011, bls. 3, sótt 13. jan. 2013, <http://hdl.handle.net/1946/13697>
- Bryndís Björgvinsdóttir, „Um bleiku og bláu bækurnar“, af *Knú.is*, 9. nóv, 2012, sótt 14. nóv. 2012, <http://knuz.is/2012/11/09/um-bleiku-og-blau-baekurnar/>
- „Leikföng fyrir börn, ekki stelpur og stráka“, *mbl.is*, 24. desember 2012, sótt 4. jan. 2013, <http://www.mbl.is/frettir/erlent/2012/12/24/leikfong-fyrir-born-ekki-straka-eda-stelpur/>
- „Meginreglur“, *Hjallastefnan*, Heimasíða Hjallastefnunnar, sótt 5. jan. 2013, <http://www.hjalli.is/>
- Pagel, Kim, The LEGO story, 2012, sótt 11. des. 2012, http://www.youtube.com/watch?v=NdDU_BBJW9Y

Myndaskrá

- 1) 1890 Edison's Talking Doll, ljósmynd fengin af *Home Page of David Buckley*, sótt 14. des. 2012, <http://davidbuckley.net/DB/HistoryMakers/1890EdisonTalkingDoll.htm>
- 2-3) Steinrún Ótta Stefánsdóttir, Myndir úr verslun *ToysRus*, 2012, einkaeign.
- 4) Totally Me Sticky Mosaics Jewelry Box, ljósmynd fengin af *Toysrus.com*, sótt 5. jan. 2013, http://www.toysrus.com.au/www/732/files/263680_totally_me_sticky_mosaics_jewelry_box.jpg
- 5) Hello Kitty Beads Dream Kit, ljósmynd fengin af *Toysrus.com*, sótt 5. jan. 2013, <http://www.toysrus.com.au/hello-kitty-beads-dream-kit/w1/i1995399/>

- 6) Nerf Blaster, ljósmynd fengin af *Toysrus.com*, sótt 5. jan. 2013,
http://www.toysrus.com.au/www/732/files/426717_nerf-n-strike_elite-retaliator_blaster1.jpg
- 7) Animal Planet Remote Control, ljósmynd fengin af *Toysrus.com*, sótt 5. jan. 2013,
http://www.toysrus.com.au/www/732/files/236276_animal_planet_remote_control_parasaurolophus.jpg
- 8) Samsettar myndir af höfundi, sóttar á netinu 14. des. 2012 og 6. jan. 2013,
- <http://lifeexperiencemash-up.blogspot.com/2011/09/object-of-my-affection.html>
 - <http://depositlyrics.com/s/long%20leg%20girl>
 - http://www.amazon.com/gp/product/B0043WAPJM/ref=as_li_ss_tl?ie=UTF8&camp=1789kk&creative=390957&creativeASIN=B0043WAPJM&linkCode=as2&tag=kidssquid-20
 - http://www.etsy.com/shop/lovablefinds?sold_listing_id=68684687
- 9) Fire Car, 2005, ljósmynd fengin af *brickset.com*, sótt 4. jan. 2013,
<http://www.brickset.com/browse/themes/?theme=City&query=fire>
- 10) Mia's Puppy House, ljósmynd fengin af *8 of 5's Guide to the Multiverse*, sótt 14. des. 2012,
<http://8of5multiverse.blogspot.com/2011/10/legos-new-friends-theme.html>
- 11) Lego Star Wars, ljósmynd fengin af *Patrick's Awesome Reviews*, 4. jan. 2013,
<http://patrickswawesomereviews.blogspot.com/2010/11/lego-review-for-next-week.html>
- 12) Tecnic Lego, sótt 14. des. 2012, <http://www.123people.ca/s/lego+technic>
- 13) Tecnic Lego 8020, sótt 13. Jan. 2013, <http://en.bricker.ru/parts/4459a/>
- 14) Dolled, ljósmynd fengin af *Maximumble.com*, 12. jan. 2013,
<http://maximumble.thebookofbiff.com/2012/10/05/480-dolled/>
- 15) Steinrún Ótta Stefánsdóttir, Gröfur, samsettar myndir, ljósmyndir upphaflega fengnar af netinu, sóttar 13. jan. 2013,
- <http://4detey.ru/product/lego-8043-tehnik-ekskavator-s-motorom/>
 - <http://www.exportprive.com/en/technic/23259-lego-technic-motorized-excavator-8043-5702014601635.html>
 - <http://elberling.dk/advertising-illustrations/3932-na-diecut/>
- 16-17) Steinrún Ótta Stefánsdóttir, ljósmyndir upp úr *Toysrus* bæklingi, tekið í desember 2012, einkaeign.
- 18) Lego, ljósmynd fengin af *Codex99.com*, sótt 14. des. 2012,
http://www.codex99.com/design/images/lego/700_5_lg.jpg
- 19) Steinrún Ótta Stefánsdóttir, ljósmynd af gömlum legókubbum, tekin 6. jan. 2013, einkaeign.